

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Mér láðist að geta þess í síðasta þætti að nafn plötunnar "The Piper at the Gates of Dawn" er fengið að láni úr hinu vinsæla, breska ævintýri "Wind in the willow" en þættir byggðir á því voru sýndir í sjónvarpinu fyrir mörgum árum undir nafninu Þytur í laufi. Einn kaflinn í bókinni heitir einmitt The Piper at the Gates of Dawn.

Þessi fyrsta stóra plata PF og sú eina, sem Barrett stýrði að mestu leyti, kom út laugardaginn 5. ágúst 1967. Síðar í sama mánuði ætluðu hljómsveitarmeðlimir að hittast í Abbey Road stúdíóinu frá föstudegi til sunnudags til æfinga og upptöku á nýjum lögum en Syd lét hvorki sjá sig né heyra. Eitthvað var reynt að hafa upp á honum en sú leit bar ekki árangur. Á mánudag fór svo sá kvittur að berast að það hefði eitthvað komið fyrir Syd. Líklega var það þáverandi umboðsmaður þeirra, Peter Jenner, sem lýsti því svo að það hefði slokknað á glettnisglampanum, sem alltaf hafði verið í augum Syds. Mason talar um það í bók sinni að aðrir meðlimir PF hafi ekki gert sér almennilega grein fyrir vandanum fyrr en einmitt þarna, síðsumars 1967. Allir vissu að Syd hafði verið að prufa ýmis efni, svo sem LSD og allir vissu að hann átti sína góðu og slæmu daga. Munnmæli herma að líklega hafi Syd tekið of stóran skammt af sýru þessa örlagaríku helgi í ágústmánuði 1967 og farið á eilífðarsýrutripp eins og það var kallað. Hann hafi sem sagt bara verið óheppinn því að margir í neðanjarðarmenningunni í London prófuðu sýru á þessum árum án þess að fara neitt sérstaklega illa út úr því. Hitt er alveg eins líklegt, eins og gömul viðtöl við ættingja og vini Syds bera með sér, að hann hafi verið með einhvern undirliggjandi geðsjúkdóm, sem sýran eða einhver önnur efni hafi leyst úr læðingi.

En Waters, Wright og Mason þráuðust við. Barrett var jú aðalmaðurinn, eins konar forsvarsmaður bandsins, aðal laga- og textahöfundurinn, söngvarinn, gítarleikarinn o.s.frv. Það var ekki fyrr en eftir algerlega misheppnaða tónleikaferð til Bandaríkjanna í október 1967 að þeir gáfust upp því að þá gat Syd hvorki spilað né sungið. Hann stóð bara eins og þvara á sviðinu og sló í besta falli sama tóninn aftur og aftur. Í nóvember 1967 var hóað í gamlan vin Waters og Barretts frá Cambridge, David

Gilmour.

Til að byrja með ætluðu þeir að hafa þetta þannig að Syd yrði áfram aðal laga- og textahöfundur bandsins og færi með þeim á æfingar og í stúdíó. Gilmour lærði að spila gömlu lögin hans og að hans sögn var þetta vægast sagt ankannalegur tími þegar hann stóð uppi á sviði spilandi lög Syds með höfundinn starandi á sig eins og hann væri að segja: „Hvað er þessi maður að gera í mínum sporum“. Til að gera langa sögu stutta gekk þetta einfaldlega ekki upp því að Syd versnaði bara og lögum frá honum fækkaði um leið og þau versnuðu. Það var svo á leið á æfingu í mars 1968 að einhver braut ísinn og spurði: „Eigum við að sækja Syd“? Allir svöruðu nei og þar með var sá draumur búinn.

Eitt hið sorglegasta við þetta mál allt saman var að Syd virðist hafa gert sér einhverja grein fyrir veikindum sínum og að hverju stefndi. Textinn í upphafslagi þáttarins, "Jugband Blues", sem hann samdi í desember 1967 ber það augljóslega með sér:

```
„It's awfully considerate of you to think of me here  
And I'm most obliged to you for making it clear that I'm not here  
And I'm wondering who could be writing this song“
```

Nú þegar Syd var farinn urðu hinir meðlimir bandsins að semja sín lög sjálfir ef svo má að orði komast. Til að byrja með voru það einkum Waters og Wright, sem sömdu bæði lög og texta en enn fremur héldu þeir áfram á þeirri braut að búa til saman löng tónverk þar sem ímyndunaraflinu var gefinn laus taumur. Þegar árið 1967 var hljómsveitin búin að skapa sér nafn sem helsta framúrstefnu- og sýruokkhljómsveit Bretlands og þótt víðar væri leitað og enn í dag er litið á Piper sem helstu plötu neðanjarðarrokksins í London á þessum tíma. Enn fremur skemmdu stórkostlegar lita- og ljósasýningar á tónleikum hljómsveitarinnar ekki fyrir en þær voru meðal annars afrakstur menntunarbakgrunnsins en Barrett hafði lagt stund á myndlistarnám. Að sjálfsgöðu varð breyting á bandinu þegar Gilmour tók við af Barrett og kannski má segja að við hafi tekið tími samvinnu og samstarfs, sem endaði á perlunum "Dark Side of the Moon" og "Wish You Were Here". Við skulum nú hlýða á tvö lög, sem komu út á litlum plötum árið 1968. Hið fyrra er gullfallett lag eftir Roger Waters og nefnist "Julia Dream". Takið eftir háa hvíslinu á eftir viðlaginu „Queen of all my Dreams“ í seinni hluta lagsins. Er þetta kannski fyrsti

óður þeirra af mörgum til fyrrum vinarins og félagans Syd Barrett?

Lag: Julia Dream

<https://www.youtube.com/watch?v=YBcTdsMx3x8>

Næsta lag kom út á lítilli plötu síðla árs 1968 og reyndist það síðasta litla platan frá PF þar til „Another Brick in the Wall part 2“ kom út 1979. Lagið heitir hér „Careful with That Axe Eugene“ en heitir hvorki meira né minna en „Come in number 51 your time is up“ á kvikmyndaplötunni „Zabriskie Point“, sem kom út 1970 en það er reyndar blæbrigðamunur á þessum tveimur útgáfum. Öskrið í miðju lagsins á Roger Waters, sem öskraði inn á bandið á innsoginu og spilaði það svo afturábak.

Lag: Careful With that Axe Eugene

<https://www.youtube.com/watch?v=4yI6zYT9Uo8>

Fyrsta stóra plata Pink Floyd eftir Barrett tímamann, "A Saucerful of Secrets", kom svo út 29. júní 1968. Á henni eru 7 lög og endar hún á "Jugband Blues", sem þannig varð að kveðjulagi Syd Barretts. Á plötunni á Waters 3 lög og Wright tvö en titillag plötunnar er eftir þá alla. Miðað við þessa dreifingu laga á höfunda get ég ekki annað en verið ósammála þeim, sem halda fram að þegar árið 1968 hafi Waters verið byrjaður að reyna einhverja meðvitaða yfirtöku í hljómsveitinni. Hins vegar heyrum við þarna í fyrsta skipti ávæning af því Pink Floyd sáandi, sem þeir urðu síðar svo frægir fyrir og fullkomnaðist á "Dark Side" og "Wish you were here". Þetta sánd er að sjálfsögðu byggt á samstarfi þeirra allra en að mínum dómi eiga þeir Gilmour og þó sérstaklega Wright mestan heiðurinn af því. Enn fremur hélt hljómsveitin áfram að þróa lita-, ljósa- og hreinlega myndlistarhluta tónleika hennar þannig að enn þann dag í dag er um að ræða upplifun fyrir bæði eyru og augu.

Fyrsta lagið, sem ég ætla að spila af "A Saucerful of Secrets" er „Let there be more Light“ eftir Roger Waters.

Lag: Let there be more Light

<https://www.youtube.com/watch?v=9tr-0LgKreg>

Annað lagið er „Remember a Day“ eftir Richard Wright og sýnir að hann gat verið alveg jafn góður lagahöfundur og Waters.

Lag: Remember a Day

<https://www.youtube.com/watch?v=AmSjEu57Lxs>

Næsta lag heitir „Set the Controls for the Heart of the Sun“ og er eftir

Roger Waters. Þetta lag er löngu orðið klassískt PF verk og er með því allra besta, sem hljómsveitin lét frá sér á þessum árum. Það er efirtektarvert hve tónsmíðum Waters hefur farið mikið fram á innan við einu ári frá því að hann samdi „Take up thy Stethoscope and Walk“, sem við heyrðum í síðasta þætti.

Lag: Set the Controls for the Heart of the Sun <https://www.youtube.com/watch?v=ieQZoY9PQIY>

Að lokum skulum við hlusta á titillag plötunnar, "A Saucerful of Secrets". Sagan segir að þegar þeir hafi verið búnir að ákveða hvaða lög skyldu fara á plötuna, sem hafði ekki fengið nafn á þeim tímamarki, hafi þeir enn átt töluvert pláss eftir á víninum. Það var þá sem þríeykið úr London School of Polytechnis ákvað að mála lag og spila það síðan. Þeir tóku svo til óspilltra málanna en Gilmour stóð og horfði opinmynntur á. Mason lýsir þessu líttillega í bók sinni og segir að hann og Waters, sem hvorugur kunni að lesa nótur á þessum tíma, hafi átt mestan hlut í málverkinu eða teikningunni en það fer ekki milli mála að þeir eiga allir sinn hlut í laginu. Hér nær impróviseringin og ímyndunaraflið nýjum hæðum. Ég legg til að þeir, sem eru með góð viðtæki hækki vel í þeim, taki „treblið“ af eins og maður sagði í gamla daga og skrúfi upp bassann.

Ég heiti BRL og veit eitthvað pínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lag: A Saucerful of Secrets <https://www.youtube.com/watch?v=YLW0n2sLCG4>